

Sýningareintak

Próf til skipstjórnarréttinda á skemmtibátum

Próftaki: _____

Kennitala: _____

Sími: _____

Skipuleggjandi prófs: _____

Prófstaður: _____

Dagsetning: _____

Vinnu- og hjálpargögn í prófum til skemmtibátaréttinda eru:

Sjókort 36,
Samsíðungur og/eða gráðuhorn,
Sirkill og reglustika,
Almenn ritföng.

Próftími er 3 klukkustundir.



SIGLINGASTOFNUN
2008

Hluti 1 – siglingafræði

Dæmi 1 (vægi 25%)

Þú ert staddur/stödd á innanverðum Faxaflóa og þarft að finna stað bátsins í breidd og lengd. Turninn á Sjómannaskólanum ber yfir Gróttuvita, fjarlægð í Gróttuvita mælist með ratsjá 3,2 sjómílar.

- Settu staðinn út í sjókortið.
- Hver er staður bátsins í breidd og lengd?
- Hvað er dýpið á staðnum?
- Hvaða upplýsingar gefur vitinn í Gróttu?

Dæmi 2 (vægi 25%)

Fararstaður báts er í $64^{\circ}07,0'N - 022^{\circ}40,0'V$ og komustaður er í $64^{\circ}11,0'N - 022^{\circ}04,0'V$.

- Settu leiðina út í sjókortið.
- Hver er stefnan í sjókortinu (haldin stefna)?
- Hver er vegalengdin í sjómílum frá fararstað til komustaðar?
- Hver er siglingatíminn ef haldinn hraði er 10 sjómílar/klst.?

Dæmi 3 (vægi 15%)

Þú stýrir eftir kompás í 100° og eftirfarandi er vitað:

Segulskekkja er -4° , misvísun er -16° , vindur er úr norðri og er áætluð drift 15° af hans völdum.

- Hver er rétt stefna bátsins yfir sjávarbotninn (haldin stefna)?
- Hver er munurinn á rétt stýrðri stefnu og rétt haldinni stefnu?

Dæmi 4 (vægi 15%)

Þú ert búinn að mæla út að þú ætlar að fara leið sem er í 270° í sjókortinu.

Hver á kompásstefnan að vera miðað við eftirfarandi:

Segulskekkja er -4° , misvísun er -16° , vindur er úr norðri og áætluð drift er 15° af hans völdum.

- a) Hver á kompásstefnan að vera til þess að þú farir 270° yfir sjávarbotninn (sjókortið)?
- b) Hver er munurinn á stýrðri kompásstefnu og stýrðri segulstefnu?

Dæmi 5 (vægi 20%)

Hver verður sjávarhæðin í Reykjavík þann 4. Júní 2008, kl. 16:30? (sýna skal alla útreikninga).

Hluti 2 – siglingareglur**Dæmi 1 (vægi 5%)**

Nefndu sex aðferðir til að senda neyðarmerki.

Dæmi 2 (vægi 10%)

Skilgreindu sigluljós, hliðarljós og skutljós.

Dæmi 3 (vægi 5%)

Hverjir bera ábyrgð á að siglingareglunum sé fylgt? (2. regla)

Dæmi 4 (vægi 5%)


Hvað segir í reglunum um „útvörð“? (5. regla)

Dæmi 5 (vægi 5%)

Nefndu a.m.k. þrjú atriði sem öll skip þurfa að taka tillit til, þegar örugg ferð er ákveðin. (6. regla)

Dæmi 6 (vægi 10%)


Hérna erum við með mynd af pramma og skipi sem er með kveikt á nokkrum siglingaljósum.



- Lýstu ljósabúnaði á prammanum.
- Hvað segir ALFA-fáninn okkur?
- Hvernig ber að haga siglingu skipsins í nágrenni við þennan pramma?
- Hvaða ljós sérðu á skipinu?

Dæmi 7 (vægi 10%)

Hérna erum við með mynd af pramma sem er með kveikt á nokkrum ljósum.



- Lýstu ljósabúnaði á prammanum.
- Hvernig ber að haga siglingu í nágrenni við prammann?

Dæmi 8 (vægi 10%)

Hérna sjáum við afstöðumynd af tveim skipum.

Hvort skipið á að víkja og hvernig á hitt skipið að haga siglingu sinni við þessar aðstæður?

Dæmi 9 (vægi 10%)

Hérna sjáum við afstöðumynd af tveim skipum.

Hvernig eiga þessi skip að haga siglingu sinni við þessar aðstæður?
Skip A gengur 10 hnúta en skip B gengur 15 hnúta og er töluvert stærra.

Hluti 3 - stöðugleiki skipa og öryggismál

Dæmi 1 (vægi 8%)

Hvernig skal ganga um austursop á skipum og hverjar geta verið afleiðingar þess að sjór safnast fyrir á þilfari?

Dæmi 2 (vægi 8%)

Hvernig skal ganga um dyr, lúgur og loftrör í vondu veðri?

Dæmi 3 (vægi 8%)

Hver er skilgreiningin á djúpristu?

Dæmi 4 (vægi 8%)

Hver er skilgreiningin á fríborði?

Dæmi 5 (vægi 8%)

Hvernig hegðar vökví sér ef tankur er hálfullur og hver eru áhrifin á GM skipsins við þetta ástand?

Dæmi 6 (vægi 8%)

Hvernig er best að haga stjórn tökum skipa í vondum veðrum með tilliti til sjálfstýringar, stefnu og hraða?

Dæmi 7 (vægi 8%)

Til hvers eru skip hólfuð niður?

Dæmi 8 (vægi 8%)

Hvert leitar þyngdarmiðja (G) skips ef þungi er lestaður fyrir neðan (G)?

Dæmi 9 (vægi 8%)

Hver eru áhrifin á þyngdarmiðju skips ef fiskafli er settur á þilfar skips?

Dæmi 10 (vægi 8%)

Hvernig hegðar vökvi sér ef tankur er hálf fullur og hver eru áhrifin á GM skipsins við þetta ástand?
